

Aukafundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 28. nóvember 2024 kl. 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda
Umsókn frá Guðmundi Rúnari Svanssyni, f.h. Björgunarfélagsins Elliða, þar sem að sótt er um niðurfellingu fasteignaskatts félagsins.

Afgreiðslu erindisins frestað til næsta fundar.

2. Erindi frá Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili
Erindi frá Ingu Dóru Halldórsdóttir, framkvæmdastjóra Brákarhlíðar, varðandi árlegt húsnæðisframlag, 9.459 kr. á íbúa.

Samþykkt samhljóða.

3. Fasteignaskattur 2025
Lagt er til að fasteignaskattur verði óbreyttur frá fyrra ári.

0,5% af fasteignamati skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

1,32% af fasteignamati skv. b-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

0,5% af fasteignamati skv. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

Lagt er til að eldri borgarar njóti 50% afsláttar af fasteignagjöldum af íbúðarhúsnæði.

Samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2025 – 2028, fyrri umræða
Halldóra Ágústa Pálsdóttir, verkefnastjóri KPMG kemur inn á fundinn.

Halldóra fer yfir áætlunina.

Fjárhagsáætlun 2025-2028 tekin til fyrri umræðu.

5. Fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fram.
6. Fundargerð 956. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fram.
7. Fundargerð 957. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Herdís Þórðardóttir – sign
Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign
Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign
Þröstur Aðalbjarnarson – sign
Sigurbjörg Ottesen - sign